



Fréttabréf hjúkrunar- og ljósmóðurfræða á Landspítala 1. tbl. 2025

Útgefandi: Ólafur G. Skúlason framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala

Ritstjórn: Eygló Ingadóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri

Myndir: Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Landspítala og fleiri

Fréttabréf hjúkrunar er gefið út árlega í rafrænu formi og inniheldur fréttir frá fagráðum í hjúkrun. Markmiðið með útgáfunni er að tryggja að upplýsingar um faglegt starf innan þeirra séu aðgengilegar frá ári til árs.



Fagráð í hjúkrun á Landspítala tengja saman faglegt starf innan sérgreina hjúkrunar á spítalanum og hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands. Í fagráðunum starfa saman faglegir leiðtogar innan Landspítala og forstöðumenn fræðasviða í hjúkrun – alls 13 fagráð. Innan hvers fagráðs er hægt að stofna faghópa eftir þörfum og áherslum.

Skipulag fagráða í hjúkrun byggir á skipuriti Landspítala og var þessu skipulagi ætlað að tryggja gott samstarf við framkvæmdastjóra hjúkrunar, framkvæmdastjóra sviða og forstöðumenn. Allt þetta starf miðar að því að efla fagmennsku, bæta gæði hjúkrunar og heilbrigðisþjónustu – sjúklingum til hagsbóta.

Eins og sjá má í þessu fréttabréfi er öflugt faglegt starf innan fagráðanna sem tengist fræðslu, rannsóknum, málþingum og fleiri mikilvægum þáttum. Við sem gegnum stjórnunarhlutverkum á spítalanum berum ábyrgð á að skapa jarðveg þar sem þetta starf getur blómstrað.

Ólafur G. Skúlason, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala.

Fagráð í barnahjúkrun

Fagráð barnahjúkrunar fundaði reglulega á starfsárinu. Hjúkrunarfræðingar á Vökudeild stofnuðu faghóp um hjúkrun á nýburagjörgæslu og tilheyrir það fagráði barnahjúkrunar. Ýmis áhugaverð verkefni voru kynnt í vetur, má þar nefna nýtt verklag um slævingar barna fyrir sársaukafull inngrip sem Svana Katla, hjúkrunarfræðingur í sérfræðinámi á bráðamóttöku barna, kynnti. Fagráðið endaði svo veturinn á því að halda [Málþing barnahjúkrunar](#) sem var vel sótt og var dagskráin fjölbreytt. Einnig kom fagráðið að þarfagreiningu fyrir sérfræðinga í hjúkrun á sviðinu, ásamt deildarstjórum og forstöðuhjúkrunarfræðingi sviðsins. Hjúkrunarfræðingar hafa verið duglegir að sækja ráðstefnur hér heima sem og erlendis, til að efla sérþekkingu sína.

Mannauður

Síðastliðið starfsár bættist einn sérfræðingur í hjúkrun við hópinn, Kristín Björg Flygenring, sem starfar á göngudeild barna. Á sviðinu eru nú 12 sérfræðingar í hjúkrun, fimm hjúkrunarfræðingar með sérfræðileyfi án stöðu og sex hjúkrunarfræðingar sem eru í starfsnámi til sérfræðings. Alls hafa 36 hjúkrunarfræðingar lokið meistaranámi á barnasviði og 18 hjúkrunarfræðingar eru í meistaranámi. Arna Skúladóttir, sérfræðingur í hjúkrun, lét af störfum vegna aldurs og færur við

henni innilegar þakkir fyrir framlag hennar til barnahjúkrunar. Arna var mikill brautryðjandi, birti fjölda rannsókna og skrifaði bækur fyrir foreldra um svefn og svefnvandamál barna sem gefnar voru út á 12 tungumálum.

Rannsóknir

Rannsóknarverkefni innan sviðsins eru fjölbreytt og áhersla er á fjölbreytt svið barnahjúkrunar. Viðfangsefnin tengjast barninu, foreldrum þess, fjölskyldu og þróun þjónustunnar við þau.

Einnig stuðning við starfsmenn og starfsemi sem tengist barnahjúkrun og heilbrigðisþjónustu fyrir börn, foreldra þeirra og fjölskyldur bæði innan barnaspítala, í heilsugæslu og annars staðar í samfélaginu. Rannsóknirnar spanna alla aldurshópa og fjölþætt vandamál og áskoranir barna. Aukin áhersla er á að þróa þekkingu sem nýtist til að bæta þjónustu og þróa klínískar leiðbeiningar í þjónustu við börn.

Birtingar í tímaritum

- Ten Barge, J. A., van den Bosch, G. E., Allegaert, K., Bhatt, A., Brindley, N., Byrne, D., Campbell-Yeo, M., Camprubi-Camprubi, M., Cavallaro, G., Durrmeyer, X., Embleton, N., Eriksson, M., Flint, R. B., Garrido, F., Gianni, M. L., Giannoni, E., Kitt, H., Klerk, D., Kristjánsdóttir, G., Amponsah, A. K., ... Simons, S. H. P. (2025). Pain management in preterm infants with necrotizing enterocolitis: an international expert consensus statement. *European journal of pediatrics*, 184(6), 342. <https://doi.org/10.1007/s00431-025-06168-8>
- Arribas, C., Cavallaro, G., Decembrino, N., González, J. L., Lagares, C., Raffaeli, G., Smits, A., Simons, S. P. H., Villamor, E., Allegaert, K., Garrido, F., ... Kristjánsdóttir, G., ... et al. ESPR Special Interest Group for Neonatal Pain (2025). A global cross-sectional survey on neonatal analgesedation: unveiling global trends and challenges through latent class analysis. *European journal of pediatrics*, 184(4), 241. <https://doi.org/10.1007/s00431-025-06074-z>
- Sigríður Árna Gísladóttir, Henný Björk Birgisdóttir og Guðrún Kristjánsdóttir (2025). „Ég upplifði að verða nánast lömuð af ótta“ Álag foreldra á gjörgæsludeildum Landspítala árin 2017-2019 mælt með PSS:PICU “[I felt almost paralyzed with fear” Parental stress on Intensive Care Units in Landspítali University Hospital in the years 2017-2019 using PSS:PICU]. *Tímarit Hjúkrunarfræðinga [The Icelandic Journal of Nursing]*, 101(1), 56-67. DOI: [10.33112/th.101.1](https://doi.org/10.33112/th.101.1)
- Ullsten, A.; Beken, S.; Campbell-Yeo, M.; Cavallaro, G.; Decembrino, N.; Durrmeyer, X.; Garrido, F.; Kristjánsdóttir, G.; Amponsah, A.K.; Lago, P.; et al. (2024). Parents in Neonatal Pain Management—An International Survey of Parent-Delivered Interventions and

Parental Pain Assessment. *Children*, 11, 1105.

<https://doi.org/10.3390/children11091105>

- Christiansen, L. B., Ekberg, J. E., Soini, A., Larsen, R., Kristjánsdóttir, G., Froberg, K., Sollerhed, A. C., Sääkslahti, A., Fjørtoft, I., Vilhjálmsdóttir, R., & Olesen, L. G. (2024). A comparative analysis of movement and physical activity in early childhood teacher education policy in five Nordic countries. *Frontiers in sports and active living*, 6, 1352520. <https://doi.org/10.3389/fspor.2024.1352520>
- Arribas, C., Cavallaro, G., Gonzalez, J.L., ... Kristjánsdóttir, G., ...et al. Global cross-sectional survey on neonatal pharmacologic sedation and analgesia practices and pain assessment tools: impact of the sociodemographic index (SDI). *Nature: Pediatr Res* (2024). <https://doi.org/10.1038/s41390-024-03032-7>
- Elíðóttir H, Bjarnadóttir SR, Baldursson Ó, Jónsdóttir B. Cystic fibrosis in Iceland and the high prevalence of the N1303K variant. *Pediatr Pulmonol*. 2024;59(7):1944-1951. doi:10.1002/ppul.27019
- Foster MJ, Blamires J, Neill S, Coyne I, Kristjánsdóttir G, Feeg VD, Paraszczuk AM, Al-Motlaq M. The long-term impact of COVID-19 on nursing: An e-panel discussion from the International Network for Child and Family Centred Care. *J Clin Nurs*. 2024;33(1):404-415. doi: 10.1111/jocn.16683
- Gudjonsdóttir B, Oskarsdóttir SA, Kristjansdóttir A, Guðmundsdóttir JA, Kamban SW, Licina ZA, Guðmundsdóttir DB. Impact of musculoskeletal pain on functioning and Disability in children with juvenile idiopathic arthritis in Iceland. *Phys Occup Ther Pediatr*. 2024;44(4):554-571. doi: 10.1080/01942638.2023.2299028
- Hraunfjörð H, Sigurðardóttir AÓ, Erlendsdóttir RO, Svavarsdóttir EK. Nurses' attitudes to family importance in nursing care: A two-sited cross-sectional study. *Nurse Educ Pract*. 2024;78(104006):104006. doi: 10.1016/j.nepr.2024.104006
- Thors VS, Björnsdóttir KL, Löve PJ, Haraldsson Á. Long COVID in Icelandic children: A matched cohort study of nonspecific symptoms following SARS-CoV-2 infection. *Pediatr Infect Dis J*. 2024;43(3):226-233. doi: 10.1097/INF.0000000000004187
- Thorsteinsdóttir UA, Runólfssdóttir HL, Eiríksson FF, Ágústssdóttir IMS, Eðvarðsson VÖ, Pálsson R, Thorsteinsdóttir M. Optimization and validation of a UPLC-MS/MS assay for simultaneous quantification of 2,8-dihydroxyadenine, adenine, allopurinol, oxypurinol and febuxostat in human plasma. *J Chromatogr B Analyt Technol Biomed Life Sci*. 2024;1235(124041):124041. doi: 10.1016/j.jchromb.2024.124041

- Ullsten A, Beken S, Campbell-Yeo M, Cavallaro G, Decembrino N, Durrmeyer X, Garrido F, Kristjánsdóttir G, Amponsah AK, Lago P, Haslund-Thomsen H, Ojha S, Pölkki T, Gomez MR, Roue J-M, Simons S, Slater R, Stenkjaer R-L, Ünal S, van den Bosch G, Wielenga J, Eriksson M, On Behalf Of The Espr Special Interest Group For Neonatal P, Pearl Research G. Parents in neonatal pain management-an international survey of parent-delivered interventions and parental pain assessment. *Children (Basel)*. 2024;11(9):1105. doi: 10.3390/children11091105
- Winger A, Holmen H, Birgisdóttir D, Lykke C, Lövgren M, Neergaard MA, Grönroos M, Kero J, Kristinsdóttir O, Pétursdóttir ÁB, Castor C. Children with palliative care needs - the landscape of the nordic countries. *BMC Palliat Care*. 2024;23(1):118. doi: 10.1186/s12904-024-01447-x
- Svavarsdóttir EK, Flygning KB, Sigurdardóttir AO. Contribution of the Brief Family Strength–Oriented Therapeutic Conversation Intervention to Early Childhood Sleep Health: A Quasi-Experimental Study. *Journal of Family Nursing*. 2025;31(1):45-57. doi:[10.1177/10748407241313463](https://doi.org/10.1177/10748407241313463)

Stjórn fagraðs í barnahjúkrun á Landspítala

Kristín Björg Flygning, sérfræðingur í hjúkrun og formaður fagraðs, Fanný B. Miiller Jóhannsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Karítas Gunnarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Oddný Kristinsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, og dr. Guðrún Kristjánsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs.

Fagrað í bráðahjúkrun

Stjórn fagraðs í bráðahjúkrun fundaði mánaðarlega frá september til byrjun júní. Mikið álag og yfirflæði sjúklinga var stöðugt umræðuefni funda, svo og þær áskoranir að sinna, svo vel sé, innlögðum sjúklingum sem þurfa að liggja dögum saman á bráðmóttöku, ásamt því að taka á móti nýjum bráðveikum og slösuðum sjúklingum. Til að bæta gæði hjúkrunar og teymisvinnu var haldin þverfagleg vinnustofa í apríl með sjúkraliðum, hjúkrunarfræðingum og starfsmönnum í aðhlynningu en verið er að vinna með tillögur af þeim fundi.

Fagrað í bráðahjúkrun heldur utan um fræðslu sem tengist hæfniviðmiðum í hjúkrun en alls luku 48 hjúkrunarfræðingar hæfniviðmiðum í tveimur fyrstu flokkunum, *Nýliði* og *Hæfur*, auk þess sem einn fræðsludagur var haldinn fyrir *Reynda* hjúkrunarfræðinga. Í vetur voru einnig haldin námskeið fyrir nýja *Triage* hjúkrunarfræðinga og vaktstjóra. Fulltrúi úr fagraðinu tekur þátt í stýrihópi vegna innleiðingar miðlægra hæfniviðmiða fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður á Landspítala.

Hjúkrunarfræðingar af bráðamóttökunni fjölmenntu á Evrópsku bráðaráðstefnunna, EUSEM, sem að þessu sinni var í haldin í Kaupmannahöfn í nóvember. Einnig sóttu nokkrir ENA ráðstefnu í Nevada í september og í byrjun maí fóru nokkrir á ráðstefnu um viðbrögð við hamförum í Tókýó.

Birtingar í tímaritum / erindi og veggspjöld á ráðstefnum

- Jónasdóttir D, Ásgeirsdóttir TL, Þorsteinsdóttir ÞK, Mogensen BÁ, Lund SH, Arnarson EÖ, Ashikali E-M. Intimate Partner Violence Against Women: Survivor's Report on Well-Being and Perpetrator's Attributions. *Journal of Aggression, Maltreatment & Trauma*. 2024;33(9):1114-1134. doi: 10.1080/10926771.2024.2380519
- Þórdís Edda Hjartardóttir • Upplifun foreldra á gæðum þjónustu við börn 12 ára og yngri á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi eftir innleiðingu verklags *Erindi á Bráðadeginum 7. mars 2025*.
- Ingibjörg Sigurþórsdóttir Ráðgefandi hjúkrunarfræðingur aldraðra á Bráðmóttöku Landspítala. *Erindi á Lyflæknáþingi 22. nóvember 2025*.
- Agusta Hjördis Kristinsdóttir (24) Laypeople instead of nurses *EUSEM 2024 European Emergency Medicine Congress*, 13-16 September in Copenhagen Denmark.
- Ingibjörg Sigurthorsdóttir: GEM-nurse in Landspítali -a 5 years experience with specialized nursing services for community-dwelling frail older people in the ED *EUSEM 2024 European Emergency Medicine Congress*, 13-16 September in Copenhagen Denmark.
- Guðbjörg Pálsdóttir Foreign tourists at the ED-a challenge for the emergency nurse *EUSEM 2024 European Emergency Medicine Congress*, 13-16 September in Copenhagen Denmark.
- Thordis Edda Hjartardóttir Chest pain assessment, triage and treatment in the emergency department Landspítali *EUSEM 2024 European Emergency Medicine Congress*, 13-16 September in Copenhagen Denmark.
- Björk A. P. Ívarsdóttir, Guðlaug Eiríksdóttir, Hrafnhildur Kjartansdóttir, Ingibjörg Sigurþórsdóttir and Þórdís Þorsteinsdóttir Older patients with frequent visits to the Emergency Department at Landspítali University Hospital of Iceland *EUSEM 2024 European Emergency Medicine Congress*, 13-16 September in Copenhagen Denmark. - *veggspjald*
- Guðbjörg Pálsdóttir, CNS, MSc, PhD student, Anna Helga Jónsdóttir PhD, Rúnar Vilhjálmsson PhD, Brynjólfur Mogensen PhD, Christien Van den Linden PhD, Thordis K

Thorsteinsdóttir PhD. Foreign tourists at the ED. *ICN Congress Helsinki 9-13 juni* - veggspjald.

Stjórn fagráðs í bráðahjúkrun

Ingibjörg Sigurpórsdóttir sérfræðingur í hjúkrunformaður og Elín Tryggvadóttir aðstoðardeildarstjóri, Ágústa Hjördís Kristinsdóttir sérfræðingur í hjúkrun og deildarstjóri, Dóra Björnsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Kristín Halla Marinósdóttir bráðahjúkrunarfræðingur, Ardís Henriksdóttir bráðahjúkrunarfræðingur, Sólveig Wium aðstoðardeildarstjóri og dr. Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs í bráðahjúkrun.

Fagráð hjartahjúkrunar

Fagráð hjartahjúkrunar er skipað deildarstjórum, sérfræðingum í hjúkrun, meistaramenntuðum hjúkrunarfræðingum og faglegum leiðtogum á þeim starfseiningum sem sinna hjartasjúklingum á hjarta- og æðakjarna.

Faghópar innan fagráðsins skiptast eftir deildum og einingum:

- Hjartadeild
- Hjarta- og æðaþræðing
- Hjartagátt
- Göngudeild hjartabilunar
- Göngudeild kransæða
- Göngudeild hjartsláttartruflana
- Hjarta-, lungna- og augnskurðdeild 12G

Fagráð hjartahjúkrunar fundaði átta sinnum og stjórn fagráðs fundaði sex sinnum í vetur auk þess sem sérfræðingar í hjúkrun innan fagráðsins voru með fjóra vinnufundi.

Haldið var [málþing 14. mars 2025 í samvinnu við krabbameinsþjónustu](#). Gestafyrirlesari ráðstefnunnar var dr. Jerome Hendriks prófessor en hann hefur sérhæft sig í „integrated care“ og þjónustu við sjúklinga með gáttatif og hélt hann líka vinnustofu.

Í vetur hefur starfsemi fagráðs fyrst og fremst falist í fjölbreyttum fræðslu-, gæða- og þróunarverkefnum. Gerð var þarfagreining fyrir sérfræðilekkingu á sviðinu, unnið að skipulagningu klíníks meistaranáms í hjúkrun hjartasjúklinga, tekið þátt í EUROASPIRE VI rannsókninni, ásamt því að halda úti námskrá sérhæfðra hæfniviðmiða. Einnig hefur verið unnið að þróun mentorsverkefnis, endurskoðun gæðaskjala og þróun göngudeilda, t.d. fyrir sjúklinga

með gáttatíf og arfgenga hjartasjúkdóma. Tveir sérfræðingar í hjúkrun voru í undirbúningsnefnd fyrir Nordic-Baltic Congress of Cardiology 2025 (NBCC). Fagráðið sendi frá sér ályktun til framkvæmdastjórnar um mönnunarviðmið vegna viðvarandi álags á spítalanum og yfirinnlagna á deildum og áhrifa á starfsöryggi og öryggi sjúklinga. Fræðsluefni fyrir sjúklinga var endurskoðað og unnið að þýðingum á ensku og pólsku.

Birtingar í tímaritum / erindi og veggspjöld á ráðstefnum

- Lyflæknabing 2024 Auður Ketilsdóttir - Veggspjaldakynning: Stafræn heilsulausn fyrir sjúklinga með hjartabilun leiddi bættrar sjálfsumönnunar og efnaskiptaútkomna: Slembiröðuð samburðarrannsókn. Sæmundur J. Oddsson 1 , Bartosz Dobies 1,2, Elías F. Guðmundsson 1 , Heiða B. Bragadóttir 1 , Guðbjörg J. Guðlaugsdóttir 3 , Auður Ketilsdóttir 3 , Hallveig Broddadóttir 3 , Brynja Laxdal 1 , Þórdís J. Hrafnkelsdóttir 3, 4, Inga J. Ingimarsdóttir 3, 4 , Bylgja Kærnested 3 , Axel F. Sigurðsson 5 , Ari Ísberg 1 , Svala Sigurðardóttir 1, 6 , Davíð O. Arnar 3
- Nordic Baltic Congress of Cardiology maí 2025: Auður Ketilsdóttir var með erindi: Effects of digital health solution on selfcare, patient education and quality of life in patients with heart failure.
- DO Arnar, E Gudmundsson, A Isberg, S Sigurdardottir, TJ Hrafnkelsdottir, H Broddadottir, A Ketilsdottir, GJ Gudlaugsdottir, B Laxdal, L Asgeirsdottir, HB Bragadottir, B Dobies, H Helgadottir, AF Sigurdsson, SJ Oddsson (2024, July). Remote patient monitoring with a digital health program: high compliance, retention, and engagement in a randomized study of patients with heart failure. In *European journal of heart failure* (vol. 26, pp. 210-211). 111 river st, hoboken 07030-5774, nj usa: wiley.
- Auður Ketilsdóttir og Margrét Hrönn Svavarsdóttir Elísabeth Tanja Gabríeludóttir (2024) Ég gæti gróið vel að utan en ekki jafn vel að innan: Reynsla einstaklinga af því að fara í hjartastopp utan sjúkrahúss. Tímarit hjúkrunarfræðinga. (100-3 bls 76-85). Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Rafræn veggspjöld í tilfelli af viku hjúkrunar 2025

- Inga Valborg Ólafsdóttir: EUROASPIRE VI - Fjölbjóðleg rannsókn á áhættuþáttum og meðferð einstaklinga með kransæðasjúkdóm á Hjartagátt LSH og SAK.
<https://www.landspitali.is/default.aspx?PageID=3ae72649-8512-4dd5-af16-8ebea601bac8>
- Helga Ýr Erlingsdóttir, Lilja Guðrún Jóhannsdóttir. Landspítalaappið fyrir einstaklinga með gáttatíf. Göngudeild hjartsláttartruflana.

Stjórn fagráðs hjartahjúkrunar á Landspítala

Auður Ketilsdóttir sérfræðingur í hjúkrun (formaður), Guðríður Kristín Þórðardóttir sérfræðingur í hjúkrun (ritari), Hulda Halldórsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, Valdís Anna Gunnarsdóttir deildarstjóri, Inga Valborg Ólafsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, María V Guðmundsdóttir sérfræðingur í hjúkrun og Hildur Rut Albertsdóttir sérfræðingur í hjúkrun.

Fagráð um ljósmæðraþjónustu

Stjórn fagráðs um ljósmæðraþjónustu á Landspítala hefur að jafnaði fundað tvisvar í mánuði veturinn 2024-2025. Fagráðið stóð reglulega fyrir málstofum í vetur. Þar er vettvangur fyrir ljósmæður í framhaldsnámi og/eða þær sem eru að vinna að rannsóknum til að kynna sín verkefni fyrir samstarfsfólki og fá umræður um þau. Eftirfarandi rannsóknir voru kynntar á þessum vettvangi:

1. Hverjar eru ástæður þess að hraustum nýburum er gefin ábót á fyrstu viku eftir fæðingu á sjúkrahúsi og hvaða leiðir eru til úrbóta? Kerfisbundin fræðileg samantekt. Tinna Halldórsdóttir ljósmóðir.
2. Hvaða þættir hafa áhrif á það hvort konur séu með barn sitt eingöngu á brjósti mánuði eftir fæðingu? Þversniðsrannsókn meðal kvenna á Íslandi. Ágústa Gísladóttir ljósmóðir.
3. Reynsla kvenna af yfirsetu í fæðingu: Þýðing og staðfæring spurningalistans PPI. Hulda Viktorsdóttir ljósmóðir.
4. Mat kvenna á viðtölum um upplifun fæðingar við ljósmæður innan heilsugæslunnar: Lýsandi þversniðsrannsókn. Alma Kristín Ólafsdóttir ljósmóðir.
5. Væntingar og mat barnshafandi kvenna með háþrýstingssjúkdóma fræðslu: Forprófun á spurningalistanum EKhp/RKhp. Erla Björk Sigurðardóttir ljósmóðir.
6. Meðgönguhjátrú. Eva Þórdís Ebenezersdóttir doktorsnemi (doktorsverkefni).

Opið málþing „Fósturerfðaskimun (NIPT) – nýjar áskoranir“ var haldið á vegum fagráðsins. Dagskrá:

1. Fortíð – nútíð – framtíð. Kristín Rut Haraldsdóttir og Sigrún Ingvarsdóttir ljósmæður.
2. Nýir möguleikar við fósturerfðaskimun. Jón Jóhannes Jónsson læknir.
3. Skimanir og fósturerfðaskimun: siðferðileg álitamál. Ástríður Stefánsdóttir siðfræðingur.

4. Rannsóknarverkefni sem ljósmæður á Landspítala hafa unnið veturinn 2024-2025.

Ljósmæður á Landspítala eru að vinna að fjölda rannsóknarverkefna innan spítalans og í samstarfi við aðrar stofnanir innanlands og utan.

Mannauður

Alls eru sjö ljósmæður nú í stöðum sérfræðiljósmæðra innan barneignaþjónustu Landspítala í tæplega fimm stöðugildum. Tvær ljósmæður luku starfsnámi til sérfræðiréttinda í janúar 2025. Fjórar ljósmæður eru nú í starfsnámi til sérfræðiréttinda á Landspítala.

Forstöðumenn fræðasviða innan ljósmóðurfræða eru tveir, Helga Gottfreðsdóttir er forstöðumaður á sérsviðunum fæðingarhjálp og sængurlega og brjóstagjöf og Valgerður Lísá Sigurðardóttir á fræðasviði um meðgönguvernd, kynheilbrigði og forvarnir á Landspítala.

Stjórn fagraðs um ljósmæðraþjónustu

Valgerður Lísá Sigurðardóttir, sérfræðiljósmóðir, dósent og forstöðumaður fræðasviðs ljósmóðurfræða (formaður), Bryndís Ásta Bragadóttir sérfræðiljósmóðir (ritari), dr. Helga Gottfreðsdóttir, prófessor og forstöðumaður fræðasviðs ljósmóðurfræða (varaformaður), Edda Sveinsdóttir sérfræðiljósmóðir, María Sunna Einarsdóttir ljósmóðir, Erla Björk Sigurðardóttir ljósmóðir, Ingibjörg Th. Hreiðarsdóttir sérfræðiljósmóðir og Hallfríður Kristín Jónsdóttir sérfræðiljósmóðir.



Fagráð krabbameins- og líknarhjúkrunar

Fagráð krabbameins- og líknarhjúkrunar hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum sem miða að því að efla gæði og samfellu í þjónustu við sjúklinga með krabbamein. Verkefnin byggja á stefnu Landspítala og OEI vottunarstöðlum fyrir krabbameinsmiðstöðvar og ná til þjónustu, gæðamála, menntunar og vísinda.

1. Öryggi sjúklinga og starfsfólks

Fagráðið hefur unnið að styrkingu stjórnkerfis, meðferðarferla og leiðbeininga sem styðja við gæðastarf og öryggi. Endurskoðun á gæðaskjölum og verklýsingum fór fram með áherslu á skýrleika og aðgengi. Þróuð voru sérhæfð hæfniviðmið fyrir nýliða og vinnu lauk við nýtt sjálfsmatsverkfæri (PRO-CTCAE) fyrir sjúklinga. Unnið var að nýjum leiðbeiningum um ECOG-virkni stigun, OAG-mat á munnholi, CRS og ICANS lyfjameðferðir. Þá var unnið að JACIE faggildingarvottun vegna blóðfrumumeðferða.

2. Þjónusta og gæði í þágu sjúklinga

Heimaspítali krabbameinsþjónustu var stofnaður í janúar 2025 og markar tímamót með því að færa hluta þjónustu heim til sjúklinga sem eru í krabbameinsmeðferð. Notkun Krabbameinsgáttar jókst verulega, einkum varðandi sjálfsmat sjúklinga á mati einkenna og þarfa (ESAS og DT), sem tvöfaldaðist milli ára. Unnið var að gerð klínískra leiðbeininga um heildræna endurhæfingu eftir greiningu krabbameins byggðum á erlendum viðmiðum. Þjónusta við lok meðferðar var eflað með tilraunaverkefni fyrir sjúklinga með brjóstakrabbamein þar sem þeim er boðið fræðslufni, viðbótarsamtal við hjúkrunarfræðing og sérsniðinn leiðarvísir (e. survivorship care plan). Brjóstamiðstöðin er í uppbyggingu með það að markmiði að hljóta EUSOMA vottun. Þar var unnið að þróun verklags fyrir ýmsa þjónustubætti, m.a. að nýju eftirlitsformi fyrir sjúklinga á innkirtlameðferð með lága endurkomuáhættu. Námskeiðið „Mín leið“ fyrir þá sem hafa lokið meðferð er áfram haldið í samvinnu við ráðgjafarþjónustu KÍ og HR.

Á dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga 11B hefur áfram verið unnið að uppfærslu og gerð nýrra meðferðaleiðbeininga, eflingu teymisvinnu og breyttri verkaskiptingu þar sem sérfræðingar í hjúkrun hafa tekið að sér viðtöl við ákveðna hópa sjúklinga. Gerð var tilraun með lengri opnunartíma og undirbúningur hafinn vegna CAR-T meðferðar á árinu 2026.

Líknarráðgjafateymið veitti göngudeildarþjónustu sem náði til um 200 sjúklinga með útbreitt krabbamein sem fá líknarmeðferð samhliða annarri meðferð. Auk þess veitti teymið ráðgjöf vegna 400 sjúklinga til viðbótar. Unnið er að innleiðingu samtals um meðferðarmarkmið sem felur í sér þjálfun, skýran viðtalsramma og stuðning við skráningu í rafræna sjúkraskrá. Markmiðið er að tryggja að sjúklingar fái meðferð í samræmi við eigin gildi og forgangsroðun.

3. Menntun og mannauður

Áhersla var lögð á eflingu framhaldsnáms í samstarfi við HÍ og kannaðir voru möguleikar á samstarfi við Royal Marsden sjúkrahúsið í Bretlandi. Boðið var upp á námskeið í líknarmeðferð á meistarastigi við Háskóla Íslands og nokkur meistaraverkefni voru unnin á sviði krabbameins- og líknarhjúkrunar.

Mannauður

Áhersla var lögð á markvissa starfsþróun en níu hjúkrunarfræðingar voru á fyrsta starfsþróunarári, þrír á öðru ári og þrír erlendir hjúkrunarfræðingar í sérstöku starfsþróunarferli. Í krabbameins- og líknarþjónustu starfa nú 14 sérfræðingar í krabbameins- eða líknarhjúkrun og tveir með sérgreinar á öðrum sviðum. Einn er í starfsnámi til sérfræðiviðurkenningar.

Birtingar í tímaritum / erindi og veggspjöld á ráðstefnum

Á árinu voru birtar vísindagreinar um skráningu og spá um fjölgun krabbameina. Stóra lífsgæðarannsóknin hófst vorið 2025 og þátttaka var góð. Fjöldi veggspjalda var í tengslum við Viku hjúkrunar og haldin voru erindi og birtar greinar í Tímariti hjúkrunarfræðinga, m.a. um heilsulæsi og þróun stofnfrumumeðferða.

- Guðrún Jónsdóttir. Ákvörðunartaka um lífslokameðferð taugasjúklinga á bráðadeild sjúkrahúss. End-of-Life Care Decision-Making for Patients with Neurological Diseases in an Acute Hospital Setting. Apríl 2025. Leiðbeinandi Helga Jónsdóttir.
- Brynja Hauksdóttir og Harpa S. Snorradóttir: Eigin stofnfrumumeðferð á Íslandi í 20 ár – þróun meðferðar og samvinna heilbrigðisstétta. Tímarit hjúkrunarfræðinga 2024;100(3).
- Brynja Ingadóttir, Jóhanna Ósk Eiríksdóttir, Nanna Friðriksdóttir o.fl.: Endursagnaraðferðin í sjúklingafræðslu – gagnreynd leið til að kanna skilning og bæta heilsulæsi. Tímarit hjúkrunarfræðinga 2024;100(2):90–95.
- Guðmundsdóttir EM, Ólafsdóttir E, Kristinsdóttir NM o.fl.: Prediction of cancer incidence and prevalence in Iceland up to the year 2040. Læknablaðið 2024;110(7):354–359. DOI: 10.17992/lbl.2024.0708.800
- Haraldsdóttir A, Birgisson H, Ólafsdóttir EJ, Gunnarsdóttir S, Tryggvadóttir L: Cancer registration in Iceland for 70 years - incidence, mortality and survival. Læknablaðið 2024;110(6):307–314. DOI: 10.17992/lbl.2024.06.797
- Hálfðánardóttir, SÍ, Sigurðardóttir V. Þekking á líknarmeðferð og viðhorf til lífsloka meðal almennings á Íslandi. Læknablaðið, 2025; 111 (5), 210-215.

Rafræn veggspjöld í tilefni af viku hjúkrunar 2025

- [Ásdís Ingvarsdóttir, Halldóra Hálfánardóttir og Lilja Dögg Tryggvadóttir: Heimasítali Krabbameinsþjónustu](#)
- [Bergdís Hörn Guðvarðardóttir: Sérhæfð fræðsla og hæfniviðmið á blóð- og krabbameinslækningadeild 11EG](#)
- [Bergdís Hörn Guðvarðardóttir og Sylvía Lind Stefánsdóttir: Framsetning næringar hjá blóð- og krabbameinssjúklingum á 11EG](#)
- [Bergdís Hörn Guðvarðardóttir, Sylvía Lind Stefánsdóttir og Þórunn Kristín Guðmundsdóttir: Lyfjaskóli blóð- og krabbameinslækningadeildar 11EG](#)
- [Elsa Bjarnadóttir og Katla Marín Berndsen: Öryggi í krabbameinslyfjagjöfum](#)
- [Lilja Dögg Tryggvadóttir: Upplýsingamiðlun á blóð- og krabbameinslækningadeild 11EG](#)
- [Lilja Dögg Tryggvadóttir: Velgengni með vellíðan – umhyggja fyrir starfsfólki](#)
- [Lilja Dögg Tryggvadóttir og Nanna Guðlaugardóttir: Fjarvöktun lífsmarka með WARD CSS – tilraunaverkefni](#)
- [Lilja Dögg Tryggvadóttir og Ragna Gústafsdóttir: Lykilverklag Blóð- og krabbameinslækningadeildar 11EG](#)
- [Sylvía Lind Stefánsdóttir og Bergdís Hörn Guðvarðardóttir: Lyfjaöryggi 6R](#)

Stjórn fagraðs í krabbameins- og líknarhjúkrun

Forstöðumaður fræðasviðs í krabbameinshjúkrun er dr. Sigríður Gunnarsdóttir og formaður fagraðsins er Nanna Friðriksdóttir, sérfræðingur í hjúkrun. Halldóra Hálfánardóttir er forstöðuhjúkrunarfræðingur krabbameinsþjónustu.

Fagrað skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrunar

Í fagraðinu starfa fjórir faghópar: faghópur gjörgæsluhjúkrunar, svæfingahjúkrunar, speglunarhjúkrunar og skurðhjúkrunar.

Tækja- og símenntunardagurinn fyrir skurðlækninga-, skurðstofu- og gjörgæsluþjónustu var haldinn 8. nóvember og skipulagður þvert á fagstéttir. Slíkur viðburður er liður í hæfnipjálfun og símenntun starfsfólks á tækjabúnaði og annars konar fræðslu á klínískum vettvangi. Á tækja- og símenntunardeginum gafst starfsfólki jafnframt kostur á að sækja kynningar og fræðslu á milli deilda.

Faghópur gjörgæsluhjúkrunar

Faghópur gjörgæsluhjúkrunar skipulagði og stýrði sameiginlegum fræðsludögum gjörgæsludeilda Fossvogs og Hringbrautar í nóvember 2024 og mars 2025. Hjúkrunarfræðingar deildanna fengu sent lesefni, myndefni og hlaðvörp til kynningar og dýpkunar á fræðsluefni fyrir fræðsludagana en um 90% þeirra sóttu fræðsluna, sem var í formi umræðu og færniþjálfunar. Efni fræðslunnar var heilasíritun, blóðskilun, líffæragjöf eftir blóðrásardauða, hjúkrunarskráning í heilsugátt, umhverfi gjörgæsludeilda sem styður sjúklinga og aðstandendur, svefn sjúklinga, hagræðingu í rúmi og vellíðan hjúkrunarfræðinga. Könnun í lok fræðsludaganna sýndi mikla ánægju þátttakenda.

Faghópur gjörgæsluhjúkrunar stofnaði umbótagóp með áherslu á þverfaglega nálgun um óráð gjörgæslusjúklinga, bæði barna og fullorðinna. Markmið er að draga úr óráði og leggja áherslu á óráðsmat, meðferð til fyrirbyggingar og meðhöndlun óráðs. Einnig stóð faghópurinn fyrir opinni kynningu á skipulagi gjörgæsludeilda í nýja meðferðarkjarnanum.

Líkt og undanfarin ár komu á vegum Nordplus samtakanna tveir norskir meistaranemar í gjörgæsluhjúkrun frá Háskólanum í suðaustur Noregi (Universitetet i Sørøst-Norge) sem er samstarfsaðili við gjörgæsluhjúkrun Háskóla Íslands. Jafnframt komu tveir hjúkrunarfræðingar í framhaldsnámi í gjörgæsluhjúkrun frá Noregi og Svíþjóð á vegum Nordsne samtakanna í 10 daga klíníska kynningu á gjörgæsludeildir Landspítala. Dr. Helene Berntzen, rannsakandi í gjörgæsluhjúkrun við háskólasjúkrahúsið í Osló, flutti einnig erindi á Landspítala 2. júní 2025 á vegum Nordplus samtakanna um líðan sjúklinga á gjörgæsludeild sem var vel sótt af hjúkrunarfræðingum.

Alls luku sex hjúkrunarfræðingar MS gráðu í gjörgæsluhjúkrun á starfsárinu og 16 hjúkrunarfræðingar eru skráðir í MS nám í gjörgæsluhjúkrun við HÍ. Fimm sérnámshjúkrunarfræðingar eru nú á gjörgæsludeildum Landspítala og tveir luku sérnámi sínu til sérfræðings í hjúkrun á Landspítala í janúar 2025.

Faghópur svæfingahjúkrunar

Á starfsárinu hefur faghópur svæfingahjúkrunarfræðinga unnið að áframhaldandi uppbyggingu á menntun og þjálfun sérnámshjúkrunarfræðinga í svæfingum. Nýtt nám hófst í september 2024 en námið er 80 ECTS á meistarastigi, þar af 50 ECTS fræðilegar og 30 ECTS klínísk starfsþjálfun á svæfingadeildum, samtals 1.700 stundir. Námið hlaut hæstu vottun (accreditation) Alþjóðasamtaka svæfingahjúkrunarfræðinga (IFNA) árið 2014 og hefur hlotið endurvottun á fimm ára fresti, síðast 2024. Gæðaumbætur námsins á starfsárinu fólu m.a. í sér uppfærðan klínískan matsramma til að meta framvindu nemenda fyrir endurgjöf og að hæfniviðmiðum sé fylgt í gegnum námið. Með því er markvisst staðið vörð um að alþjóðlegum hæfniviðmiðum svæfingahjúkrunarfræðinga sé mætt við útskrift úr námi. Hermiþjálfun verður sífellt

umfangsmeiri liður í færniþjálfun svæfingahjúkrunarfræðinga, allt frá upphafi sérnáms og sem sí- og endurmenntun á spítalanum.

Svæfingahjúkrunarfræðingar á Landspítala hafa aukið virkni í alþjóðlegu samstarfi en formlegu samstarfi var komið á milli HÍ og Universitetet i Sørøst-Norge (USN) á starfsárinu. Það felur í sér gagnkvæm stúdentaskipti í klínískri starfsþjálfun í svæfingahjúkrun og einnig sérhæfingu svæfingahjúkrunarfræðinga í samnorrænu samstarfi í barnasvæfingum. Samstarfið við svæfinganámsleiðina við Minnesota háskóla (UMN), sem hófst vorið 2023, hefur gengið vel. Það hefur haldið áfram að þróast í gegnum gæðaumbætur í kennslusamstarfi, jafningjastuðningi nemenda og í hermipþjálfun. Haustið 2024 varð aukin áhersla á sérhæft líkamsmat í námi sérnámshjúkrunarfræðinga í svæfingum við HÍ í samræmi við alþjóðleg hæfniviðmið og samnýtt að hluta til námskeið með fyrsta árs sérnámshjúkrunarfræðingum við UMN. Hermipþjálfun á sérhæfðu líkamsmati fór síðan fram í gegnum Zoom sem einskonar fjarlækningar (telemedicine) þar sem leikarar léku sjúklinga í hermisetrinu við UMN en nemendur unnu þrjú saman yfir Atlantshafið við svæfingamiðaða (preoperative) heilsufarsmatið og fengu í lokin endurgjöf frá leikurunum og kennurum.

Á árinu bættist við í hóp sérfræðinga með stöðu við spítalann, þegar Þórdís Borgþórsdóttir var ráðin í stöðu sérfræðings í svæfingahjúkrun með aðsetur á svæfingadeild E-5 í Fossvogi.

Öryggisvakning vikunnar hefur fest sig í sessi og sífellt er unnið að gæðaumbótum þar sem m.a. er að verða meiri áhersla á samræmt verklag og samvinnu milli svæfingadeilda í Fossvogi og á Hringbraut fyrir undirbúning flutnings á nýjan meðferðakjarna. Föstudagsfræðsla á deildum er fastur liður yfir vetrarmánuðina og hæfnipþjálfun hefur sífellt verið tekin fastari tökum bæði sem þverfagleg hermipþjálfun, tækjapþjálfun og með fræðslu til sí- og endurmenntunar.

Faghópur skurðhjúkrunar

Á starfsárinu 2024-2025 hefur faghópur skurðhjúkrunarfræðinga meðal annars undirbúið og skipulagt nám og þjálfun sérnámshjúkrunarfræðinga í skurðhjúkrun. Síðastliðið haust hófu 11 hjúkrunarfræðingar tveggja ára nám í skurðhjúkrun, níu á LSH og tveir á SAK. Námið er 80 ECTS einingar og af því eru 50 ECTS einingar fræðilegar og 30 ECTS einingar klínískt nám, samtals 1.608 stundir.

Færst hefur í vöxt að norskir hjúkrunarfræðingar sem stunda sérnám í skurðhjúkrun hafi leitast við að koma til Landspítala til að taka hluta af sinni þjálfun. Síðastliðið haust tókum við á móti tveimur nemendum sem komu frá Bergen og dvöldu þeir hjá okkur í tvær vikur. Þrír skurðhjúkrunarfræðingar stunda meistaranám í skurðhjúkrun og einn lauk námi.

Fagdeild skurðhjúkrunarfræðinga á fulltrúa í Evrópusamtökum skurðhjúkrunarfræðinga (EORNA) og einnig í Norrænum samtökum skurðhjúkrunarfræðinga (NORNA). Næsta NORNA ráðstefna

verður haldin í Reykjavík 10.-12. september 2025 og hefur fagráð skurðhjúkrunarfræðinga komið að undirbúningi þess viðburðar.

Öryggisvakning vikunnar hefur verið kynnt vikulega á síðasta starfsári.

Faghópur speglunarhjúkrunar

Á starfsárinu hélt faghópurinn áfram að bæta gæðaskjöl og leiðbeiningar fyrir speglunaraðgerðir. Ný gæðaskjöl voru útbúin og eldri leiðbeiningar endurgerðar í takt við nýjustu þekkingu og þróun. Nýjar vinnuleiðbeiningar um notkun ýmissa efna, tækja og tóla voru einnig unnar, t.a.m. um tvöfalda úthreinsun. Ýmsar leiðbeiningar voru líka uppfærðar, t.d. um Double balloon, ísetningu PEG magaslöngu og blóðþynningarlista fyrir speglunaraðgerðir svo eitthvað sé nefnt.

Tvær úr faghópnum eru í stjórn Innsýnar, fagdeildar hjúkrunarfræðinga starfandi við lungna- og meltingarfærarannsóknir, og var haldinn árlegur fræðsludagur 8. nóvember 2024. Þar var nýjasta þekking og áherslur varðandi speglunaraðgerðir kynnt.

Á alþjóðlegum vettvangi tók hópurinn þátt í ráðstefnu ESGENA, European Society of Gastroenterology and Endoscopy Nurses and Associates, í Vín, 12.-14. október 2024, og á ESGE DAYS/ESGENA Spring School í Barcelona 3.-5. apríl 2025. Faghópurinn á einnig fulltrúa í ESGENA Educating Working Group (EEWG) og tvo leiðbeinendur í þjálfunarbúðum (Hands-on training) á ráðstefnum ESGENA/UEGWeek og ESGE Days/ESGENA Spring School.

Birtingar, erindi og veggspjöld

- Geirsdóttir Þ, Sigurðardóttir ÁK, Ásmundsdóttir LB. Tímalengd föstu og undirbúningur aðgerðar hjá 67 ára og eldri á Landspítala vegna mjaðmabrots: lýsandi afturvirk rannsókn. Tímarit hjúkrunarfræðinga. 2024;100(1):86-95. doi: 10.33112/th.100.1.5
- Þóroddsdóttir SR, Sigurðardóttir ÁK, Sigurðsson MI. Atvikaskráning tengd skurðaðgerðum á Landspítala: lýsandi rannsókn. Tímarit hjúkrunarfræðinga. 2024;100(1):68-75. doi: 10.33112/th.100.1.3
- Elíasdóttir, Þórunn Scheving (2024). Nurse anesthesia history and education in Iceland. Seminar at the University of South-Eastern Norway. Fyrirlestur
- Elíasdóttir, Þórunn Scheving (2024). Education in nurse anesthesia from an international perspective: International Federation of Nurse Anesthetists. Seminar at the University of South-Eastern Norway. Fyrirlestur
- Elíasdóttir, Þórunn Scheving (2024). Þróun samstarfs í svæfingahjúkrun milli Háskóla Íslands og Minnesota-háskóla. Kennsluakademía opinberu háskólanna. Veröld húsi Vigdísar. Fyrirlestur

- Snæbjörnsdóttir, Steinunn, Theódór, Skúli Sigurðsson, Ólafsdóttir, Sigurðsson, Martin Ingi, Katrín Ágústa og Elíasdóttir, Þórunn Scheving (2025). Algengi lágs blóðsykurs hjá börnum við innleiðslu svæfingar eftir innleiðingu 6-4-3-1 föstuleiðbeininga á Landspítala. Veggspjald.
- Þóroddsdóttir, Sigríður Rúna og Geirsdóttir, Þuríður (2024). Gæðaverkefni í sérfræðingsnámi í hjúkrun um lengd föstutíma hjá sjúklingum 18 ára og eldri sem koma í valaðgerðir. Sameiginlegt Vísindaping 2025 á Hilton Nordica. Fyrirlestur
- Halldórsdóttir, Ragnheiður (2024). Að mæta börnum. Sameiginlegt Vísindaping 2025 á Hilton Nordica. Fyrirlestur.
- Davíðsdóttir, Eva María, Traustadóttir, Hjördís Lilja, Quimpo, Kiana Theresa Ævarsdóttir, Þórunn Hafdís Hill og Elíasdóttir, Þórunn Scheving (2025). Áhrif utanbast- og mænudeyfingar í fæðingu á móður: Fræðileg samantekt. Hjúkrun í fararbroddi. Ráðstefna Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildar HÍ. Erindi.

Stjórn fagraðs skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrunar

Dr. Þórunn Scheving Elíasdóttir, forstöðumaður fræðasviðs í svæfinga- og skurðhjúkrun (formaður), Birgir Örn Ólafsson, sérfræðingur í skurðhjúkrun, Elín Jónsdóttir, aðstoðardeildarstjóri á vöknun, Guðrún Jónsdóttir, sérfræðingur í gjörgæsluhjúkrun, Margrét Marín Arnardóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Ólöf Sigurborg Sigurðardóttir svæfingahjúkrunarfræðingur, Ragnheiður Jónsdóttir, sérfræðingur í skurðhjúkrun, dr. Rannveig Jóna Jónasdóttir, forstöðumaður fræðasviðs í gjörgæsluhjúkrun, og Þórdís Borgþórsdóttir, sérfræðingur í svæfingahjúkrun.

Fagrað í hjúkrun aðgerðasjúklinga

Dr. Herdís Sveinsdóttir prófessor lauk starfi sem forstöðumaður fræðasviðs á árinu og þökkum við henni gott samstarf í gegnum árin. Í hennar stað kom dr. Sigrún Sunna Skúladóttir. Fagraðið hóf samstarf við kvennadeild 21A sem er mjög ánægjulegt og í takt við stefnu fagraðsins að allir sem sinna aðgerðasjúklingum eigi heima í fagraðinu, óháð skipuriti Landspítala. Stjórn fagraðs í hjúkrun aðgerðasjúklinga fundar hálfsmánaðarlega.

Vinnu er lokið við sérhæfð hæfniviðmið fyrir skurðlækningaþjónustu og verða þau afhent deildarstjórum dag- og legudeilda fagraðsins í haust. Deildarnar geta svo byggt ofan á þennan grunn og sérhæft hæfniviðmiðin enn frekar út frá sinni sérgrein.

Sameiginlegt málþing fagraða hjúkrunar á SKUGG, skurðlækninga-, skurðstofu- og gjörgæsluþjónustu, var haldið 27. september 2024 og var það sótt af um 100 hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum.

Fagraðið tók þátt í þverfaglegu [Vísindabingi 4. apríl 2025 á Hótel Hilton](#) og var með eigin dagskrá hálfan dag, sérstök áhersla var á göngudeildarþjónustu aðgerðasjúklinga.

Ný þarfagreining fyrir sérfræðinga í hjúkrun í skurðlækningaþjónustu var gerð í maí 2025 og skilað til framkvæmdastjóra hjúkrunar. Samkvæmt henni er þörf á 13 sérfræðingum til viðbótar við þá sem nú þegar starfa á sviðinu. Sérfræðingar í hjúkrun í skurðlækningaþjónustu eru nú ellefu. Þar af eru sex í stöðu sérfræðings og hefur fjölgað um tvo síðan í fyrra, þrír eru í stjórnendastöðu og tveir hafa lokið sérfræðingsnámi en eru ekki með stöðu.

Tveir meistaramenntaðir hjúkrunarfræðingar eru í starfsnámi til sérfræðings. Fagraðið skipulagði að vanda vorskóla fyrir nýráðna hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem og nema sem koma í sumarafleysingar en þeirri fræðslu er ætlað að styrkja og bæta grunnhjúkrun aðgerðasjúklinga.

Birtingar í tímaritum / bókum

- Árnadóttir SD, Pálsdóttir G, Logason K, Arnardóttir RH. Aflimanir ofan ökkla 2010-2019 vegna útæðasjúkdóms og/eða sykursýki: Aðdragandi og áhættuþættir. Læknablaðið. 2024;110(01):20-27. doi: 10.17992/lbl.2024.01.776
- Geirsdóttir Þ., Sigurðardóttir Á.K., Ásmundsdóttir L.B. Tímalengd föstu og undirbúningur aðgerðar hjá 67 ára og eldri á Landspítala vegna mjaðmabrots: lýsandi, afturvirk rannsókn. Tímarit hjúkrunarfræðinga. 2024; 100(1):86-95. doi: 10.33112/th.100.1.5
- Sveinsdóttir H, Svavarsdóttir MH, Blöndal K, Thorsteinsson HS, Ingadóttir B. Hæfni hjúkrunarfræðinemenda á lokaári og ári eftir útskrift, námsumhverfi og áhrif þess á hæfnina: lýsandi ferilrannsókn. Tímarit hjúkrunarfræðinga. 2024;100(1):46-57. doi: 10.33112/th.100.1.7
- European Taskforce of Geriatric Emergency Medicine (ETGEM) collaborators. Prevalence of Frailty in European Emergency Departments (FEED): an international flas mob study. Eur Geriatr Med. 2024 Apr;15(2):463-470. Doi:10.1007/s41999-023-00926-3. Epub 2024 Feb 10. PMID:38340282;PMC10997678.
- Ingadóttir B, Svavarsdóttir MH, Jurgens CY, Lee CS. Self-care trajectories of patients with coronary heart disease: a longitudinal, observational study. Eur J Cardiovasc Nurs. 2024;23(7):780-788. doi: 10.1093/eurjcn/zvae055
- Vaagan A, Haaland-Øverby M, Eriksen AA, Fredriksen K, Stenov V, Varsi C, Ingadóttir B, Cleal BR, Alvheim AR, Westermann KE, Strømme H, Kristjansdóttir OB. Group-based

patient education via videoconference: A scoping review. Patient Educ Couns. 2024 Jan;118:108026. doi: 10.1016/j.pec.2023.108026. Epub 2023 Oct 26. PMID: 37939596.

- Jensen, CM., Skuladottir, SS., Palm H., Rogmark c. (2024) Orthogeriatric Care in the Emergency and Perioperative Setting. Hertz K, Santy-Tomlinson J. Editors. Fragility Fracture and Orthogeriatric Nursing. (111-127). Perspective in Nursing Management and Care for Older Adults. Springer. Doi.org/10.1007/978-3-031-33484-9.

Stjórn fagráðs í hjúkrun aðgerðasjúklinga

Kolbrún Kristiansen, sérfræðingur í hjúkrun (formaður), Sólrún Dögg Árnadóttir hjúkrunarfræðingur MS (ritari), dr. Sigrún Sunna Skúladóttir, forstöðumaður fræðasviðs, Ingibjörg Guðmundsdóttir forstöðuhjúkrunarfræðingur, Erla Dögg Ragnarsdóttir forstöðuhjúkrunarfræðingur, Hulda Pálsdóttir deildarstjóri, Gunnhildur Árnadóttir aðstoðardeildarstjóri og Bergrún Benediktsdóttir aðstoðardeildarstjóri.

Fagráð hjúkrunarstjórnunar

Stjórn fagráðsins fundar að öllu jöfnu mánaðarlega yfir vetrarmánuðina. Yfir 90 leiðtogar í hjúkrun eru skráðir í fagráð hjúkrunarstjórnunar. Áhugasömum sem vilja skrá sig í fagráðið er bent á að snúa sér til Helgu Bragadóttur helgabra@hi.is eða Eyglóar Ingadóttur, eygloing@landspitali.is.

Starfsemi fagráðsins á starfsárinu 2024-2025 fólst fyrst og fremst í opnum fundum um málefni sem tengjast hjúkrun, rannsóknum og málþingi.

Upplýsinga- og umræðufundir um málefni sem tengjast hjúkrun (Teams). Efni sem tekið var fyrir 2024-2025:

- Hlutverk Almanna- og heilbrigðisþjónustu í almannavörnum. Sólrún Rúnarsdóttir hjúkrunardeildarstjóri og Guðrún Lísbet Níelsdóttir verkefnastjóri.
- *Fundamentals of nursing* – alþjóðlegur hópur hjúkrunarfræðinga um grunnhjúkrun. Dr. Margrét Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur heimahjúkrun.
- Mönnunarviðmið í hjúkrun, Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, forstjóri HSS og formaður vinnuhóps heilbrigðisráðuneytisins.
- Dr. Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor HÍ. Efst á baugi í fagráði í fjölskylduhjúkrun á Landspítala.
- Túlkaþjónusta á Landspítala. Heiða Björk Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri fæðisdeild Landspítala.

- Heimaspítali krabbameinsþjónustunnar. Halldóra Hálfðánardóttir forstöðuhjúkrunarfræðingur krabbameinsþjónustu Landspítala.
- Ný slagdeild innan taugalækningadeildar: Þróun meðferðarknippa, gæðavísa og vinnuferla í hjúkrun. Dr. Marianne Klinke, prófessor HÍ.
- Nýsköpun og gervigreind innan Landspítala. Sigurður Þórarinsson, tæknistjóri HUT Landspítala.
- Endurhæfingarskólinn, nýjung. Margrét Manda Jónsdóttir, forstöðuhjúkrunarfræðingur endurhæfingar Landspítala og Melkorka Jónsdóttir verkefnastjóri Verkefnastofu.
- Hjúkrun á Landspítala fyrir jaðarsetta einstaklinga. Anna Tómasdóttir hjúkrunarfræðingur, göngudeild lyflækninga.
- Starfsmannaappið til stuðnings í starfi, staðan í dag og áframhaldandi þróun. Þórólfur Ingi Þórsson, vörustjóri hjá deild stafrænnar framþróunar Landspítala.
- Málþing og aðalfundur: Ný þekking og nýsköpun í hjúkrunarstjórnun og forystu, 12. maí 2025.

Birtingar í tímaritum

- Gingerich, S.D., Jónsdóttir, G., Wentzel, J., Flaten, C., Pechacek, J., & Bragadóttir, H. (2024). Developing global leaders through international partnership: A collaborative model for graduate nursing programs. *Interdisciplinary Journal of Partnership Studies*, 11(2), 1-23.
- Guðjónsdóttir, K., Möller, E., Rosenkjær, E., & Hallgrímsdóttir, V. (2024). Attitudes of Landspítali's managers toward Lean Management. *Interdisciplinary Description of Complex Systems*, 22(4), 364-377. doi: 10.7906/indecs.22.4.1
- Jonsdottir, G., Haraldsdottir, E., Vilhjalmsón, R., Sigurdardottir, V., Hjaltason, H., Klinke, M. E., Tryggvadottir, G. B & Jonsdottir, H. (2024). Transition to end-of-life care in patients with neurological diseases in an acute hospital ward. *BMC Neurology*, 24, 253. <https://doi.org/10.1186/s12883-024-03768-z>
- Sveinsdóttir H., Svavarsdóttir M.H., Blöndal K., Thorsteinsson H.S., & Ingadóttir B. (2024). Hæfni hjúkrunarfræðinemenda á lokaári og ári eftir útskrift, námsumhverfi og áhrif þess á hæfnina: lýsandi ferilrannsókn. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 100(1), 46-57. doi: 10.33112/th.100.1.7

Stjórn fagráðsins í hjúkrunarstjórnun

Dr. Helga Bragadóttir, prófessor og forstöðumaður fræðasviðs (formaður), Eygló Ingadóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri, Guðrún Árný Guðmundsdóttir hjúkrunardeildarstjóri, Helga Atladóttir hjúkrunardeildarstjóri, Hrönn Guðbjartsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri, Lilja Hildur Hannesdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri, Marta Jóns Hjördísardóttir, hjúkrunarfræðingur og talskona sjúklinga, Ólafía Ása Jóhannesdóttir hjúkrunardeildarstjóri og Sólrún Rúnarsdóttir hjúkrunardeildarstjóri.

Fagráð hjúkrunar í lyflækningakjarna

Fagráð hjúkrunar á lyflækningakjarna var stofnað í núverandi mynd árið 2021. Sýn fagráðsins er að vera málsvári og samráðsvettvangur hjúkrunar innan lyflækningaþjónustu. Innan fagráðsins eru deildarstjórar, aðstoðardeildarstjórar, sérfræðingar í hjúkrun og aðrir faglegir leiðtogar, alls 85 hjúkrunarfræðingar.

Stjórnarfundir hafa verið hálfsmánaðarlega, alls 15 þennan veturinn, og fræðslufundir voru einu sinni í mánuði. Sérstök áhersla var á að móta dagskrána í samræmi við stefnu sviðsins, tengt starfsmannaheilsu, fjarheilbrigðisþjónustu og þekkingu. Á fundum var fjallað um starfsmannaappið, atvik og gæðahandbókina, kynningu á hlutverki talskonu sjúklinga, starfsmannaheilsu, meðferðarsímtöl, kynningu á störfum sérfræðinga í hjúkrun á sviðinu og stuðningssamtal við fjölskyldu sjúklinga með MND.

Fagráð hjúkrunar í lyflækningakjarna leggur áherslu á að mikil þörf sé á að fjölga sérfræðingum í hjúkrun innan sviðsins. Sérfræðingar í hjúkrun á sviðinu hafa nokkrir hætt og einnig eru nokkrir að ljúka störfum vegna aldurs. Fagráðið leitar leiða til þess að hvetja hjúkrunarfræðinga til þess að fara í meistaranám.

Málþing

- Árlegt málþing fagráðsins var haldið 3. apríl 2025, [sjá dagskrá hér](#). Í ár var megináherslan á að kveðja og heiðra störf leiðtoga í hjúkrun sem starfað hafa á sviðinu og eru að ljúka störfum.
- Faghópur lungnahjúkrunar hélt málþing í febrúar 2025 sem bar yfirskriftina: Framtíð hjúkrunar lungnasjúklinga, [sjá dagskrá hér](#). Málþingið var haldið í tilefni af starfslokum tveggja sérfræðinga í lungnahjúkrun.

Workplace-síða fagráðsins hefur verið vel nýtt og er fagráðið búið að opna nýja síðu á Viva Engage vettvangnum. Þar eru fagráðsfundir auglýstir, upptökur af fræðslufundum settar inn og fleira.

Haldið var áfram með fyrri vinnu í gerð sértækra hæfniviðmiða innan sérsviða og í vetur voru haldnar tvær vinnusmiðjur til að koma þessu betur af stað á deildum innan sviðsins.

Ályktun var send vorið 2025 til landlæknis, félags- og húsnæðismálaráðherra og heilbrigðisráðherra um áhyggjur fagráðsins af öryggi og líðan sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna Landspítala vegna langvarandi álags og ófullnægjandi vinnuumhverfis.

Umræður um algengustu atvikin á Landspítala voru teknar sérstaklega fyrir á fundum stjórnar fagráðsins og voru sendar fyrirspurnir áfram um ákveðin efni eins og t.d. gallaðar brunnnálar, tóma súrefniskúta og ofbeldisatvik. Upplýsingum um hvernig unnið var úr þessum atvikum var komið áfram til fagráðsins í heild sinni.

Innan fagráðsins er starfandi faghópur lungnahjúkrunar, sem leiddur er af dr. Helgu Jónsdóttur, prófessor og forstöðumanns fræðasviðs. Í þeim hópi var vísindavinna og má sjá helstu rannsóknir og verkefni í [árlegri skýrslu vísindadeildar: Vísindastarf á Landspítala \(stóra heftið\)](#).

Stjórn fagráðs hjúkrunar í lyflækningakjarna

Berglind Guðrún Chu, sérfræðingur í hjúkrun (formaður), Helga Kristín Þorsteinsdóttir aðstoðardeildarstjóri, Magali Brigitte Mouy aðstoðardeildarstjóri, Ragnheiður Guðmundsdóttir deildarstjóri, Sigríður Heimisdóttir, sérfræðingur í hjúkrun (ritari), Sólveig Jóhanna Haraldsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, og Jóhanna María Þórhallsdóttir aðstoðardeildarstjóri.



Fagráð í öldrunarhjúkrun

Í fagráðinu sitja deildarstjórar, sérfræðingar í öldrunarhjúkrun, aðstoðardeildarstjórar og hjúkrunarfræðingar með meistarapróf sem starfa á öldrunardeildum Landspítala. Það fundar mánaðarlega yfir veturinn og auk þess fundar stjórn þess mánaðarlega.

Helstu verkefni og áherslur fagráðs í öldrunarhjúkrun starfsárið 2024-2025 voru:

- Dagur öldrunar 2025 sem var haldin í samstarfi við Fagdeild öldrunarhjúkrunarfræðinga og Félag íslenskra öldrunarlækna þann 13.mars 2025. Þema dagsins “ Hvar liggja mörkin í öldrunarþjónustu “ vísar til mikilvægi þverfaglegrar samvinnu, teymisvinnu og mikilvægi þess að þróa nýjar leiðir og þjónustu, [sjá dagskrá hér](#). Mikil ánægja var með ráðstefnuna, uppselt og streymt á ZOOM.
- Bör hjúkrunarteymi á bráðadeildinni: Hlíf Guðmundsdóttir sérfræðingur í öldrunarhjúkrun tók þátt í þróun og vinnu við BÖR hjúkrunarteymi á bráðamóttöku (bráða-öldrunarhjúkrunar ráðgjöf).
- Hör námskeið: Sigrún Bjartmarz sérfræðingur í öldrunarhjúkrun og fleiri sérfræðingar fóru yfir og endurskipulögðu HÖR (Heimahjúkrun:- Öldrunarráðgjöf) námskeið ásamt fulltrúa heimahjúkrunar.
- Vinnuhópur vann með niðurstöður vinnufundar um hæfniviðmið í öldrunarhjúkrun frá síðasta starfsári.
- Fræðsla fyrir nýliða í umönnunarstörfum: Umönnunarskólinn er hluti af aðlögun allra nýrra starfsmanna í umönnun á öldrunarlækningadeildum. Hlíf Guðmundsdóttir sérfræðingur í hjúkrun aldrea og Jakobína Rut Daníelsdóttir sjúkraliði með sérmenntun í öldrunarhjúkrun halda utan um þetta verkefni.
- Átaksverkefni til að efla hjúkrunarmeðferð til að fyrirbyggja byltur, óráð og þrýstingssár er mislangt komið á öldrunarlækningadeildum.
- Áframhald verður á samvinnu minnismóttökunnar á göngudeildinni Landakoti við Háskólann á Akureyri með móttöku nema í verknám í heilabilunarráðgjöf.
- Mikið var rætt um mönnunarmódel fyrir öldrunarlækningadeildir á fagráðsfundum. Umræða um hátt hlutfall ófaglærðra á öldrunardeildum. Einnig umræða um hátt hlutfall erlendra hjúkrunarfræðinga á sömu deildum og hvernig hægt sé að aðstoða þá við aðlögun og íslenskunám.
- Útskriftarhjúkrunarfræðingur starfar núna á deild L-1 og L-2. Unnið er áfram að þróun þessarar þjónustu á öllum öldrunarlækningadeildum.
- Öldrunarbæklunardeild: Í október 2023 var stofnuð 14 rúma sérhæfð mjaðmarbrota-endurhæfing aldrea á endurhæfingardeild L1 Landakoti í samvinnu við 8 rúma öldrunarbæklunardeild B6 í Fossvogi. Verkefnið gengur vel og unnið er áfram að þróun þess.
- Alþjóðlegt nýsköpunar verkefni BigPicture: Fulltrúar í fagráðinu eru í stýrinefnd alþjóðlegs Evrópuverkefnis sem hlaut 220 milljón króna styrk frá Evrópubandalaginu

2024: Erasmus Alliances for Innovation: Alliances for Education and Enterprises.

Meginmarkmið verkefnisins er að þróa nýja námsskrá og nám fyrir hjúkrunarfræðinga til að auka færni þeirra í að framkvæma heildrænt öldrunarmat.

- Norrænt rannsóknarsamstarf hófst 2023 „*Að lifa með áhættu á Alzheimer sjúkdómi*“: Upplýsingaöflun er lokið og unnið er að og áætlað að birta þrjár greinar í hjúkrunartímaritum. [Sjá fyrstu niðurstöður hér.](#)

Stjórn fagráðsins í öldrunarhjúkrun

Hlíf Guðmundsdóttir sérfræðingur í hjúkrun formaður, Sigrún Bjartmarz sérfræðingur í hjúkrun, Sigurdís Ólafsdóttir deildarstjóri, Sesselja Lind Magnúsdóttir deildarstjóri, Sigurlaug A Þorsteinsdóttir aðstoðardeildarstjóri og Unnur G. Guðmundsdóttir deildarstjóri.

Fagráð geðhjúkrunar

Stjórn fagráðs geðhjúkrunar hefur fundað reglulega í vetur og haft vinnudag. Fagráðið tók þátt í tveimur vinnustofum, önnur fjallaði um aðstandendur á geðsviði og hin snerist um geðþjónustu fyrir sjúklinga á vefrænum deildum. Haldinn er árlegur vísindadagur geðhjúkrunar í samstarfi við Háskóla Íslands. Hjúkrunarfræðingar í fagráðinu vinna einnig að ýmsum umbótaverkefnum innan geðsviðs Landspítala og sitja í ýmsum nefndum og ráðum.

Fræðsluerindi á vegum fagráðsins:

1. *Families in mental health and substance abuse*. Dr. Nina Kaarina Kilkkú dósent
2. Fjölskylduhjúkrun á Laugarási og í DAM teymi. Gígja Valgerður Harðardóttir, aðstoðardeildarstjóri á Laugarási, Fanney Viktoría Kristjánsdóttir geðhjúkrunarfræðingur og Ragnheiður H. Eiríksdóttir Bjarman, aðstoðardeildarstjóri göngudeildar lyndisraskana.
3. Fjölskylduhjúkrun á legudeild geðrofssjúkdóma. Lóa Björk Bjerkli Smáradóttir hjúkrunarfræðingur og Hrafnhildur Benediktsdóttir aðstoðardeildarstjóri.
4. Fjölskylduhjúkrun – sjónarhorn forstöðuhjúkrunarfræðinga. Halldóra F. Víðisdóttir og Júlíana G. Þórðardóttir forstöðuhjúkrunarfræðingar.
5. Hlutverk forstöðumanna fræðasviða á Landspítala. Dr. Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, prófessor og forstöðumaður fræðasviðs geðhjúkrunar.
6. Hvernig við skrifum abstract? Dr. Gísli Kort Kristófersson prófessor við Háskólann á Akureyri.
7. Hvernig við getum kynnt skemmtilega umbótaverkefni. Steinunn Ingvarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri.

8. *Academic Nursing 2.0: Harnessing Implementation Science for Greater Impact*. Dr. Sabina De Geest, prófessor í hjúkrunarfræði við Háskólann í Basel og KU Leuven.

Fyrirlestrar og vinnustofur á erlendum ráðstefnum

- "Intervenção centrada na desocultação das forças da família, em famílias com experiência recente de depressão no seus membros". Gouveia, M.C.L.V., Sveinbjarnardóttir, E. K., Henriques, M.A.P., XV CONGRESSO INTERNACIONAL ASPESM Inclusão e Diversidade em Saúde Mental, 17. október 2024.
- Adaptação transcultural e validação psicométrica da versão Portuguesa do Iceland Family Perceived Support Questionnaire (ICE-FPSQ), em famílias com membros com adultos com depressão". Gouveia, M.C.L.V., Sveinbjarnardóttir, E. K., Silva, R. M. L. B., Baptista, M. S., Henriques, M.A.P, XV CONGRESSO INTERNACIONAL ASPESM Inclusão e Diversidade em Saúde Mental., 18. október 2024
- "Uncover families' strengths: From nurses' perceptions to families' self-perception. A cross-sectional qualitative study". Gouveia, M.C.L.V., Sveinbjarnardóttir, E. K., Henriques, M.A.P. 28th International Nursing Research Conference, Castellon, Spáni, 13-15. nóvember 2024.
- "Innovating Outpatient Care: Nurse-Led Clozapine Clinics in Iceland with a Holistic and Service-User Focus". Rannveig Þöll Þórsdóttir, erindi flutt á ráðstefnu Horatio evrópskra geðhjúkrunarsamtaka, Complex interventions in mental health, haldið í Berlín, 15.-17. maí 2025.
- "The impact of coercion on patients' recovery in psychiatric wards: Systematic review of qualitative literature". Páll Biering og Hrafnhildur Benediktssdóttir, erindi flutt á ráðstefnu Horatio evrópskra geðhjúkrunarsamtaka, Complex interventions in mental health, haldið í Berlín, 15.-17. maí 2025.
- "Consultation liaison Psychiatry and mental health care: Expanding the role of APNs". Ragnheiður H. E. Bjarman og Þórey Rósa Einarssdóttir, vinnustofa á ráðstefnu Horatio evrópskra geðhjúkrunarsamtaka, Complex interventions in mental health, haldið í Berlín, 15.-17. maí 2025.
- "Patient-initiated brief admissions in Iceland - a nursing intervention". Ragnheiður H.E. Bjarman, erindi flutt á ráðstefnu Horatio evrópskra geðhjúkrunarsamtaka, Complex interventions in mental health, haldið í Berlín, 15.-17. maí 2025.
- "Evaluation of a brief cognitive behavioural group therapy for distressed female university students; focus group results". Jóhanna Bernharðssdóttir, erindi flutt á

ráðstefnu Horatio evrópskra geðhjúkrunarsamtaka, Complex interventions in mental health, haldið í Berlín, 15.-17. maí 2025.

- “Family Nursing Education In Graduate PMH Nursing”. Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir og Ragnheiður H. E. Bjarman, erindi flutt á ráðstefnu Horatio evrópskra geðhjúkrunarsamtaka, Complex interventions in mental health, haldið í Berlín, 15.-17. maí 2025.

Stjórn fagráðs geðhjúkrunar

Fanney Viktoría Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur (formaður), Rannveig Þöll Þórsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, Ragnheiður H. Eiríksdóttir Bjarman hjúkrunarfræðingur, Ína Rós Jóhannesdóttir hjúkrunarfræðingur, Lilja Dögg Gunnarsdóttir deildarstjóri, Anna Karen Guðmundsdóttir sérnámshjúkrunarfræðingur og dr. Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, prófessor í hjúkrun og forstöðumaður fræðasviðs.

Fagráð fjölskylduhjúkrunar

Fagráð fjölskylduhjúkrunar starfar þvert á einingar Landspítala. Fagráðsfundir eru haldnir reglulega og stjórnarfundir milli fagráðsfunda. Mikil rannsóknarvirkni er meðal fagráðsmeðlima, bæði innanlands og í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi.

Í apríl 2025 var haldið málþingið *Farsæld barna* í samstarfi við faghóp fjölskylduhjúkrunar á Sjúkrahúsinu á Akureyri. [Dagskrá málþingsins er hægt að sjá hér.](#)

Fagráðið hefur undanfarið unnið að því að þróa sýn og stefnu fjölskylduhjúkrunar og árangursvísa. Einnig hafa verið gerðar verkefnaáætlanir um stuðning við þróun fjölskylduhjúkrunar á Landspítala og rafræn námskeið um fjölskyldumiðaða þjónustu uppfærð. Unnið hefur verið að tveimur nýjum kennslumyndböndum fyrir hjúkrunarfræðinga varðandi undirbúning og framkvæmd á stuttum meðferðarsamræðum í klínísku starfi og þróun á nýju námskeiði, *klínísk fjölskylduhjúkrun*, sem kennt verður innan hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildar Háskóla Íslands.

Meðlimir fagráðsins hafa verið virkir í þátttöku á alþjóðlegum ráðstefnum. Má þar meðal annars nefna þátttöku á alþjóðlegu fjölskylduhjúkrunarráðstefnunni (IFNC17) sem haldin var í Perth í Ástralíu í júní 2025, þátttaka á ICN Congress í Helsinki í júní 2025 og þátttaka í alþjóðlegri líknameðferðarráðstefnu (EAPC19th World Congress) í Helsinki í maí 2025.

Birtingar í tímaritum

- Svavarsdóttir, E. K., Flygering, K. B. & Sigurdardóttir, A. O. (2025). Contribution of the Brief Family Strength–Oriented Therapeutic Conversation Intervention to Early

Childhood Sleep Health: A Quasi-Experimental Study. *Journal of Family Nursing*, 31, 1, 45-57.

- Shamali, M., Ostergaard, B., Svavarsdóttir, E. K., Shahriari, M., & Konradsen, H. (2025). The Role of Nurse Social Support in Hospital REadmission in Patients with Heart Failure: A Cross-Sectional Study. *Health Science Reports*, 1-8.
- Svavarsdóttir, E. K., Lemos, S., Andrade, L., Barbieri-Figueiredo, M.D. C., Tryggvadóttir, G. B & Lima, L. (2024). Psychometric Testing of the Experience of Integrating Chronic Illness into Family Life Questionnaire. *Journa of Family Nursing*, 30, 2, 174-184.
- Ingibergsdóttir, S., Lárusdóttir, M. K., Kaas, M. J., & Svavarsdóttir, E. K. (2024). Group cognitive behavioural therapy (CBT) for university students with attention-deficit/hyperactivity disorder (ADHD): a feasibility study. *Discover Psychology*, 4, 1, 19.
- Hraunfjörð, H., Sigurðardóttir, A. Ó., Erlendsdóttir, RÓ., & Svavarsdóttir, E. K., (2024). Nurse's attitudes to family importance in nursing care: A two sided cross-sectional study. *Nurse Education in Practice*. 78, 104006.
- García-Vivar, C., Konradsen, H., Svavarsdóttir, E. K., Brodsgaard, A., Dieperink, K. B., Luttik, M. L., Mahrer-Imhof, R., Ostergaard, B & Imhof, L., (2024). Healthcare Interventions for oder people with dementia and family caregivers in Europe: A scoping review. *Internaitonal Journal of Nursing Practice*, 30, 2, 13172.
- Lemos, S., Andrade, L., Lima, L., Martins, T. Svavarsdóttir, E. K., & Barbieri-Figueiredo, M. D. C. (2024). Cross-Cultural Adaptation and Psychometric Tresting of the Portuguese Version of the Iceland-Family Illness Beliefs Questionnaire. *Journal of Family Nursing*, 2-10.
- Petursdottir, A.B., & Thorsteinsson, H.S. (2024). Evaluating the Effect of Participation in Bereavement Support Groups on Perceived Mental Well-Being and Grief Reactions. *OMEGA – Journal of Death and Dying*, 0(0).
<https://doi.org/10.1177/00302228241253363>

Stjórn fagraðs fjölskylduhjúkrunar

Dr. Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor (formaður), Kristín Björg Flygenring, sérfræðingur í hjúkrun, Guðríður Kristín Þórðardóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Sigrún Sunna Skúladóttir lektor og Hlíf Guðmundsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun. Varamaður í stjórn fagraðsins er Ásta B. Pétursdóttir lektor.